

FOSSAR MARKAÐIR HF. - REGLUR UM BESTU FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA

1. Tilgangur og gildissvið

- 1.1. Reglur þessar eru settar á grundvelli 2. mgr. 18. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og 7. þáttar reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.
- 1.2. Með reglum um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla leitast Fossar markaðir hf. („**Fossar**“) við að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína við móttöku, miðlun og framkvæmd viðskiptafyrirmæla og fjárfestingaráðgjöf, með tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda til þess að af viðskiptunum verði, umfangs, eðlis og annarra þátta sem máli skipta.
- 1.3. Reglurnar gilda um almenna fjárfesta og fagfjárfesta. Reglurnar gilda aðeins um viðurkennda gagnaðila hafi þeir sérstaklega óskað eftir því, sbr. 3. mgr. 22. gr. vvl.
- 1.4. Reglurnar gilda um móttöku, miðlun og framkvæmd viðskiptafyrirmæla nema viðskiptavinur mæli sérstaklega fyrir um tiltekna framkvæmd.
- 1.5. Reglurnar gilda ekki þegar Fossar birta verðtilboð fagfjárfesta, kalla eftir verðtilboði fagfjárfesta eða þegar fagfjárfestar óska eftir verðtilboði. Vörur sem falla ekki undir skilgreiningu laganna heyra ekki undir verklagsreglur þessar.

2. Meginreglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla

- 2.1. Fyrirmælum viðskiptavina skal framfylgt á sanngjarnan máta og eins skjótt og mögulegt er. Fyrirmæli viðskiptavina sem eru sambærileg að öðru leyti skal framfylgt í tímaröð í samræmi við það hvenær þau voru móttækin, nema slíkt sé ómögulegt vegna eðlis fyrirmælanna, aðstæðna á markaði eða ef önnur framkvæmd er talin betri fyrir viðskiptin.
- 2.2. Fyrirmæli sem framkvæmd eru fyrir viðskiptavinum skulu tafarlaust skráð og beint í réttan farveg. Komi upp raunveruleg vandkvæði við að framkvæma fyrirmæli án tafar skal tilkynna almennum fjárfesti um slíkt.
- 2.3. Þegar um skilyrt fyrirmæli er að ræða, sem ekki eru framkvæmd jafn skjótt og þau berast vegna markaðsaðstæðna, skulu Fossar, nema viðskiptavinur mæli fyrir um annað, stuðla að því að fyrirmælin verði framkvæmd eins fljótt og mögulegt er með því að birta þau samstundis á aðgengilegan hátt. Þessari skyldu er fullnægt með miðlun fyrirmælanna til skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga (MTF). Hægt er að leita eftir undanþágu frá birtingu til Fjármálaeftirlitsins. Með undirritun viðskiptaskilmála Fossa vegna verðbréfavíðskipta telst viðskiptavinur hafa samþykkt að Fossar meti hvort og hvenær birta eigi slíkar pantanir.
- 2.4. Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla munu Fossar velja þann viðskiptastað sem fellur best að þeim þáttum sem máli skipta við að ná bestu mögulegu niðurstöðu. Mæli viðskiptavinur fyrir um ákveðna framkvæmd munu Fossar fylgja fyrirmælum hans.
- 2.5. Mæli viðskiptavinurinn ekki fyrir um ákveðna framkvæmd munu Fossar framkvæma viðskiptafyrirmæli með eftirfarandi hætti eða samtvinnun á eftirfarandi þáttum:
 - 2.5.1. Utan skipulags verðbréfamarkaðar eða MTF með viðskiptum við þriðja aðila; og
 - 2.5.2. Á skipulegum verðbréfamarkaði eða MTF eða, í þeim tilvikum sem Fossar eru ekki aðili að viðkomandi markaði eða MTF, með þátttöku þriðja aðila sem Fossar hafa gert samning við um að framkvæma viðskiptafyrirmæli fyrir sína hönd á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði eða MTF.
- 2.6. Það er meginregla að Fossar framkvæma viðskiptafyrirmæli viðskiptavina á skipulegum verðbréfamarkaði eða MTF. Fossar velja þessa leið að meginreglu þar sem á markaði er verðlagning fjármálagerninga gagnsæ, hraðinn við afgreiðslu viðskipta mikill, auðvelt að átta sig á kostnaði við að afla viðskiptanna og líkurnar á því að samningar náist meiri en utan markaða.
- 2.7. Fossar sinna einungis fyrirmælum viðskiptavinar með fyrirmælum annars viðskiptavinar þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- 2.7.1. Ólíklegt er að samsafn fyrirmæla og viðskipta muni í heild reynast óhagstæð einhverjum viðskiptavina; og
- 2.7.2. Samsöfnun hefur ekki óhagstæð áhrif á tiltekin fyrirmæli viðskiptavinar; og
- 2.7.3. Framkvæmdin sé í samræmi við stefnu Fossa um úthlutun fyrirmæla og dreifingu þeirra.

3. Besta framkvæmd viðskiptafyrirmæla

- 3.1. Með bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla í reglum þessum er átt við þá skyldu sem hvílir á fjármálafyrirtæki um að tryggja viðskiptavini sínum bestu mögulegu niðurstöðu. Við mat á bestu framkvæmd er ekki endilega horft til einstakra viðskipta heldur fremur lagt mat á skráð viðskipti á ákveðnu tímabili sem gefa til kynna að á heildina lítið náist fram besta framkvæmd með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina á einhverjum þeim viðskiptastað í samræmi við fyrirmæli þessara verklagsreglna.
- 3.2. Þrátt fyrir að leitað verði allra eðlilegra leiða til þess að ná sem bestri niðurstöðu fyrir viðskiptavini miðað við þau úrræði sem til staðar eru og þær aðstæður sem starfað er við, þá er ekki hægt að tryggja að í hverju tilvikum verði alltaf um að ræða bestu niðurstöðu. Fari starfsmenn Fossa eftir reglum þessum í einu og öllu verður almennt talið að Fossar hafi fullnægt skyldu sinni um að gera eðlilegar ráðstafanir til að tryggja viðskiptavinum sínum sem hagstæðasta niðurstöðu.
- 3.3. Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla meta Fossar mikilvægi ólíkra þátta sem geta haft áhrif á verðmyndun eða aðra þætti viðskiptanna, sem eru háðir framkvæmd þeirra af hálfu félagsins, með það að markmiði að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu viðskiptavina. Þeir þættir sem koma til skoðunar eru:
 - 3.3.1. Verð;
 - 3.3.2. Kostnaður;
 - 3.3.3. Hraði;
 - 3.3.4. Líkur á því að af viðskiptum og uppgjöri verði;
 - 3.3.5. Umfang viðskipta;
 - 3.3.6. Eðli viðskipta;
 - 3.3.7. Uppgjör og greiðsla; og
 - 3.3.8. Aðrir þættir sem geta komið til skoðunar við framkvæmd viðskipta.
- 3.4. Þrátt fyrir að verð og kostnaður hafi að öllu jöfnu mest vægi þegar leitað er bestu mögulegu niðurstöðu, einkum þegar um almenna fjárfesta er að ræða, þá kunna aðstæður að leiða til þess að aðrir þættir vegi þyngra með hliðsjón af því hvaða viðskiptavinur á í hlut, hevernig fyrirmælum er háttað, um hvaða fjármálagerninga er að ræða eða á hvaða markaði viðskiptin fara fram.
- 3.5. Fossar ákvarða hlutfallslegt vægi einstakra þátta við framkvæmd viðskiptafyrirmæla í hverjum viðskiptum fyrir sig á grundvelli eftirfarandi viðmiða:
 - 3.5.1. Hvernig viðkomandi viðskiptavinur er flokkaður samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti;
 - 3.5.2. Eðli og einkenni fjármálagernings;
 - 3.5.3. Eðli og einkenni þeirra markaða sem unnt er að beina fyrirmælum til; og
 - 3.5.4. Eðli fyrirmæla viðskiptavinar.
- 3.6. Í þeim tilvikum sem Fossar framkvæma viðskipti á nýmörkuðum geta aðrir þættir, eins og mismunur á kaup og sölugengi (e. price-spread), seljanleiki og kostnaður haft aukið vægi í samanburði við þróaðri markaði.
- 3.7. Ákvæði gr. 3.3-3.6 eiga ekki við þegar viðskiptavinur mælir fyrir um ákveðna framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Í slíkum tilvikum verða fyrirmælin framkvæmd án tillits til þeirra þátta sem áður er lýst.

4. Viðskiptavinur mælir fyrir um ákveðna framkvæmd

- 4.1. Mæli viðskiptavinur fyrir um sérstaka framkvæmd verðbréfavíðskipta eða aðra framkvæmd viðskipta en mælt er fyrir um í reglum þessum skulu Fossar leitast við að framkvæma fyrirmæli hans í samræmi við það. Fossar teljast þar með uppfylla skuldbindingu sína um að leita leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini, að því marki sem hann framkvæmir fyrirmæli eða tiltekinn þátt þeirra samkvæmt sérstökum fyrirmælum viðskiptavinar.
- 4.2. Fossar skulu upplýsa viðskiptavin um að með því að mæla fyrir um sérstaka framkvæmd viðskiptafyrirmæla eru líkur á að besta mögulega niðurstaða náist ekki.

- 4.3. Ef viðskiptavinur mælir fyrir um sérstaka framkvæmd fyriræla að takmörkuðu leyti munu Fossar fylgja reglum um bestu framkvæmd að öðru leyti.

5. Framkvæmd viðskiptafyrirmæla á markaði

- 5.1. Fossar eiga aðild að Nasdaq OMX á Íslandi og First North markaðstorginu að því er varðar viðskipti með bæði hlutabréf og skuldabréf og framkvæma því að meginstefnu til viðskiptafyrirmæli á þessum mörkuðum. Aðrir markaðir kunna að koma til. Fossar meta hverju sinni á hvaða markaði líklegast er að ná fram bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Við val á markaði er litið til þeirra atriða sem kunna að eiga við, til dæmis áreiðanleika markaðarins, möguleika hans á að afgreiða flókna fjármálagerninga, gæða og annarra atriða. Einnig munu Fossar við mat á mörkuðum taka tillit til eigin umboðslauna og kostnaðar félagsins fyrir framkvæmd fyriræla á sérhverjum markaði. Í þeim tilvikum þar sem aðeins einn markaður kemur til greina er litið svo á að Fossar hafi uppfyllt skyldur sínar skv. þessum reglum.
- 5.2. Undir venjulegum kringumstæðum munu Fossar meðhöndla viðskiptafyrirmæli með eftirfarandi hætti:
- 5.2.1. Senda pöntun þegar í stað til skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga.
- 5.2.2. Framkvæma pöntunina með einum eða nokkrum mismunandi viðskiptum á markaði.
- 5.2.3. Nýta pöntun eins viðskiptavinar til að mæta pöntun annars viðskiptavinar á verði sem svarar til markaðsverðs.

6. Framkvæmd viðskiptafyrirmæla utan markaða

- 6.1. Fossar geta ákvarðað að nauðsynlegt sé, til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla, að framkvæma fyriræli viðskiptavina utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga.
- 6.2. Í samræmi við 3. mgr. 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti ber Fossum að upplýsa viðskiptavini sérstaklega, og afla samþykkis þeirra, sé ætlunin að framkvæma viðskiptafyrirmæli utan markaða. Með undirritun viðskiptaskilmála Fossa um verðbréfiðskipti samþykkir viðskiptavinur að Fossar framkvæmi viðskiptafyrirmæli almennt í samræmi við verklagsreglur þessar utan markaða.
- 6.3. Fá Fossar viðskiptafyrirmæli um fjármálagerninga sem viðskipti eiga sér stað með á skipulegum verðbréfamarkaði eða MTF sem Fossar eru ekki aðili að munu Fossar framkvæma slík fyriræli með því að miðla þeim, á grundvelli samnings þar að lútandi, til milliliða sem eru aðilar að eða hafa aðgang að viðkomandi mörkuðum. Val Fossa á slíkum milliliðum byggir á mati á getu þeirra til að framkvæma fyrirælin vel og á grundvelli þeirra þátta sem máli skipta.

7. Eftirlit og endurskoðun

- 7.1. Fossar munu hafa eftirlit með að verklagsreglur þessar séu í samræmi við lög og að eftir þeim sé farið af starfsmönnum félagsins. Reglurnar skulu endurskoðaðar árlega og verður þeim einungis breytt með skriflegum hætti. Slíkar breytingar taka gildi þegar stjórn Fossa hefur staðfest þær.

8. Upplýsingagjöf

- 8.1. Fossar birta reglur þessar á heimasíðu sinni og vísa til þeirra í skilmálum sínum.
- 8.2. Komi til breytinga á reglum þessum munu Fossar upplýsa viðskiptavini sína um það. Með því að birta nýjar eða breyttar verklagsreglur á heimasíðu sinni teljast Fossar hafa uppfyllt upplýsingaskyldu sína samkvæmt þessari grein.
- 8.3. Veiti Fossar almennum fjárfestum þjónustu skal, áður en þjónustan er veitt, gæta að upplýsingagjöf samkvæmt 3. mgr. 46. gr. reglugerðar nr. 995/2007.
- 8.4. Fossar skulu að beiðni viðskiptavinar geta sýnt fram á að fyriræli hans hafi verið framkvæmd í samræmi við

verklagsreglur þessar.


Samþykkt af stjórn Fossa markaða hf. 15. maí 2015



Sigurbjörn Þorkelsson



Kolbeinn Arinbjarnarson



Magnús Gunnarsson